



UMHVERFISSTOFNUN

# Eftirlit með markaðssetningu á hættulegum efnavörum í málningar- og byggingavöru- verslunum

Janúar 2015

# Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>FORMÁLI</b> .....	<b>1–3</b>
<b>2.</b>	<b>TILGANGUR OG MARKMIÐ</b> .....	<b>2–4</b>
2.1.	Reglur um merkingar og umbúðir efnavara .....	2–4
<b>3.</b>	<b>FRAMKVÆMD</b> .....	<b>3–6</b>
3.1.	Efnavörur sem voru til sérstakrar athugunar varðandi merkingar og uppstillingar .....	3–6
<b>4.</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>4–9</b>
<b>5.</b>	<b>UMRÆÐA</b> .....	<b>5–10</b>



# 1. Formáli

Umhverfisstofnun fór í maí 2014 í markaðskönnun á efnavörum í málningar- og byggingavöruverslunum samhliða almennu markaðseftirliti stofnunarinnar. Umhverfisstofnun hefur það hlutverk samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 að sinna eftirliti á markaði með efnum og efnablöndum.

Við eftirlit er höfð hliðsjón af þeim fjölmörgu reglum sem gilda um markaðssetningu efnavara. Í þessu eftirliti er sérstök áhersla er lögð á merkingar efna og efnablandna en einnig öryggisblöð, umbúðir og innihald ólöglega innihaldsefna.

Stofnunin hefur undanfarin ár tekið þátt í reglulegum markaðskönnunum í samstarfi við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga en á síðasta ári færðist eftirlitið frá heilbrigðiseftirlitinu yfir til Umhverfisstofnunar.

## 2. Tilgangur og markmið

Könnun á merkingum efnavara í málningar- og byggingavörverslunum er liður í að uppfylla skyldur Umhverfisstofnunar um að hafa eftirlit með markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir efnalög nr. 61/2013.

Til athugunar voru varnaðarmerkingar hættulegra efnavara þar sem sjónum var sérstaklega beint að hættulegustu vörum sem standa almennum neytendum til boða í verslunum. Einnig var athugað hvort öryggisblöð væru í boði fyrir þá sem nota vörurnar í atvinnuskyni og hvort ólöglegar vörur væru til sölu. Eftirlitið náði til vara frá helstu birgjum efnavara sem standa til boða í byggingavörverslunum.

### 2.1. Reglur um merkingar og umbúðir efnavara

Margar reglugerðir eru í gildi um markaðssetningu efnavara en í þessari skýrslu er áherslan á merkingar og umbúðir.

\*Merkingar efna og efnablandna.

Flokka skal og merkja efni og efnablöndur samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 (CLP) en efnablöndur frá og með 1. júní 2015. Merkingin samanstendur m.a. af hættumerki auk viðvörunarorðs, hættu- og varnaðarsetninga á íslensku og innihald hættulegustu innihaldsefnanna þegar það á við. Innflytjendur eru hvattir til þess að breyta merkingum tímanlega og til samræmis við upprunalegu merkingu vöru eftir að henni hefur verið breytt.

\*Merkingar efnablandna til 1. júní 2015.

Flokka skal og merkja efnablöndur samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 236/1990 til 1. júní 2015. Merkingin samanstendur m.a. af varnaðarmerki auk hættu- og varnaðarsetninga á íslensku og innihald hættulegustu innihaldsefnanna þegar það á við. Vörur sem komnar eru í dreifingu 1. júní 2015 geta verið áfram á markaði til 1. júní 2017.

\*Ápreifanleg viðvörun.

Ápreifanleg viðvörun er litlaus upphleyptur þríhyrningur sem er settur á vörur seldar almenningi til að gera blindum og sjónskertum viðvart um hættu. Skyld er að setja slíka viðvörun á umbúðir efna sem eru eitruð, ætandi, hættuleg heilsu, afar eldfim eða mjög eldfim. Undanþegnar eru úðabrusar sem eingöngu fá merkinguna afar eldfimt eða mjög eldfimt.

\*Öryggislok.

Öryggislok eru ætluð á vörur sem eru seldar almenningi og eiga að gera börnum erfiðara um vik að opna umbúðirnar og komast þannig í snertingu við hættuleg efni. Skyld er að



setja öryggislok á umbúðir efna sem eru eitruð, ætandi og efni sem geta valdið lungnaskaða við inntöku.

\*Öryggisblöð.

Öryggisblað skal afhent eða gert aðgengilegt kaupendum hættulegra efnavara ef nota á vöruna í atvinnuskyni. Á öryggisblöðum koma fram upplýsingar í 16 liðum um hættuflokkun, innihaldsefni, viðbrögð við slysum, örugga förgun og flutning svo eitthvað sé nefnt. Öryggisblöð eiga að vera á íslensku og uppfærð m.t.t. nýjustu breytinga.

## 3. Framkvæmd

Eftirlitið náði til 15 verslana og heildsala auk eins framleiðanda. Sum fyrirtæki reka margar verslanir og var farið í eina verslun hjá hverju fyrirtæki. Meðal fyrirtækjanna sem hér um ræðir eru öll þau umsvifamestu á þessum markaði og markaðshlutdeild þeirra er yfir 90%.

Farið var í eftirlit í verslanir á vegum eftirfarandi fyrirtækja dagana 12. til 30. maí 2014:

Álfaborg  
Bauhaus  
BYKO  
Dan-Inn  
Einar Ágústsson og Co.  
Flügger  
Hegas  
Húsmiðjan  
K. Richter  
Málning hf.  
Málningarverslun Íslands  
Múrbúðin  
Sérefni  
Slippfélagið  
Verkfæralagerinn  
Würth á Íslandi

Öll frávik frá ákvæðum reglugerða, sem stofnunin starfar eftir, voru skráð með áherslu á þær reglugerðir sem taldar eru upp í kaflanum á undan. Gerðar voru kröfur til úrbóta vegna vanmerktra vara hjá öllum fyrirtækjunum sem um ræðir og þeim birgjum sem höfðu vörur í verslunum. Gerð var krafa um að vanmerktar vörur yrðu merktar með réttum hætti og að send yrðu sýnishorn af endurbættum merkingum til Umhverfisstofnunar. Ef um minniháttar atriði var að ræða þá var látið nægja að koma með ábendingar um hvernig bæta mætti úr. Þá var gerð krafa um að öryggisblöð yrðu lagfærð og uppfærð þar sem ástæða þótti til. Farið var fram á að útbúin yrði áætlun um hvernig fyrirtæki hyggðust uppfylla kröfur um afhendingu öryggisblaða ef slík blöð stóðu viðskiptavinum ekki til boða.

### 3.1. Efnavörur sem voru til sérstakrar athugunar varðandi merkingar og uppstillingar

Eftirlitið beindist að öllum hættulegum efnavörum en megináhersla var lögð á nokkrar algengar tegundir sérlega hættulegra efnavara, sem neytendur geta komist í snertingu við. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þessar vörutegundir. Niðurstöður fyrir þessar efnavörur eru birtar aftar í skýrslunni.

### Ætandi efnavörur.

Vörurnar sem hér um ræðir hafa flokkunina ætandi eða mjög ætandi samkvæmt reglugerð nr. 236/1990. Um þær gildir að merkja skuli þær með viðeigandi merkingum á íslensku en einnig skal á umbúðum vera öryggislok og áþreifanleg viðvörðun. Allar ætandi vörur skal merkja með setningunni „Geymist á læstum stað þar sem börn ná ekki til“. Engar reglur eru samt um hvernig stilla eigi slíkum vörum upp í verslunum en mælt er með því að þær séu ekki hafðar neðarlega í hillum þar sem börn geta komist í þær og að þeim sé ekki stillt upp þannig að hætta sé á að þær falli úr hillunum.

### Þunnfljótandi paraffínefni.

Olíuvörur úr þunnfljótandi efnum eru skaðlausar við eðlilegar kringumstæður en geta valdið alvarlegum lungnaskaða ef villst er á þeim og vökva sem ætlaður er til drykkjar. Til að fyrirbyggja slíkt er gerð krafa um öryggislok á umbúðum slíkra vara og fyrir nokkrum árum voru að auki settar reglur um að lampaolíu og grillkveikivökva mætti einungis selja í ógegnisæjum umbúðum. Áður höfðu verið settar reglur af sömu ástæðu um að ekki mætti markaðssetja lampaolíu með ilm- eða litarefnum.

### Lím.

Margar gerðir af lími eru til í málningar- og byggingavöruslunum. Sumar gerðir líms eru aðeins hugsaðar til notkunar í atvinnuskyni eins og vegna innihaldsefna sem ekki er óhætt að vinna við nema að beitt sé varúðarráðstöfunum. Gæta skal sérstakrar varúðar við meðhöndlun líms sem inniheldur hættuleg efni á borð við sýanákrýlat og ísósýanat.

### Ísósýanat.

Efnavörur á borð við einangrunarfrauð og ákveðnar gerðir málningar úr pólýúretani geta innihaldið ísósýanöt. Notkun vara sem innihalda ísósýanat krefst þess að viðkomandi hafi kynnt sér þá hættu sem slík efni geta valdið og kunna að fara með slík efni. Ísósýanöt geta valdið ofnæmi í öndunarfærum líkt og astma en einnig ertingu, sviða eða öðrum óþægindum í öndunarvegi. Húðofnæmi og húðbólgur eru einnig algeng einkenni. Eitt algengasta efnið af þessum toga er MDI (metýlendífenýldíísósýanat) en það er bannað að nota í vörur sem ætlaðar eru fyrir almenna neytendur nema að hlífðarhanskar fylgi með ásamt sérstökum viðvörðunartexta. Notkun vara sem innihalda ísósýanöt krefst í mörgum tilvikum notkun persónuhlífa á borð við gasgrímur. Vörur sem innihalda MDI og önnur ísósýanöt eru nauðsynlegar til ýmissa nota og eru að finna í verslunum hér á landi og eru þær ekki aðgreindar frá neytendavörum en sumar eru merktar sem eingöngu til notkunar í atvinnuskyni.

### Sýanákrýlat.

Lím sem inniheldur sýanákrýlat er heimilt að selja til almennings en skal merkt með sérstakri viðvörðun um að það geti límt saman augnlok á svipstundu.



### Fleiri hættulegar efnavörur.

Sérlega hættulegar efnavörur eru t.d. þær sem geta valdið alvarlegum heilsuskaða við langvarandi notkun. Eitt þeirra efna sem er að finna í slíkum efnavörum er tólúen sem getur hugsanlega valdið fósturskaða. Annað sérlega hættulegt efni er etýlenglýkól sem er t.d. notað í frostlög. Dæmi eru um að börn hafi komist í slíka vökva og orðið veik af en það getur líka reynst banvænt. Rétt notkun etýlenglýkóls er annars ekki líkleg til að valda skaða.

### Díklórmetan.

Hættulegir málningaruppleysar voru til athugunar og þá sérstaklega málningaruppleysar sem innihalda díklórmetan sem hefur um árabíl verið algengasta efnið sem notað er í þessum tilgangi. Díklórmetan er afar rokgarnt efni og vandmeðfarið af öðrum en þeim sem kunna með það að fara. Innöndun þess getur valdið svima og skyntruflunum og alvarlegu heilsutjóni ef unnið er í illa loftræstu rými án hlífðarbúnaðar. Í dag má aðeins selja málningaruppleysa sem innihalda díklórmetan til iðnaðarmanna sem hlotið hafa þjálfun í notkun þess.



## 4. Niðurstöður

Niðurstöðum fyrir hættulegustu efnavörurnar, sem voru til sérstakrar athugunar í eftirlitinu, er skipt í fjóra aðgreinda flokka. Merkingar sem teljast ekki vera í lagi voru annað hvort á erlendu tungumáli eða rangar með misvísandi upplýsingum um hættu, forvarnir og viðbrögð. Ef smávægilegar athugasemdir voru gerðar við merkingu taldist henni vera ábótavant.

	<i>Fjöldi</i>	<i>Merkingar í lagi</i>	<i>Merkingum ábótavant</i>	<i>Merkingar ekki í lagi</i>	<i>Áþreifanleg viðvörðun</i>	<i>Öryggislok</i>
<i>Ætandi efnavörur</i>	14	71 %	14 %	14 %	71 %	93 %
<i>Þunnfljótandi olíur</i>	15	40 %	20 %	40 %	84 %	100 %
<i>Vörur sem valda öndunarfæraofnæmi</i>	9	78 %	0 %	22 %	50 %	Á ekki við
<i>Ýmsar aðrar efnavörur</i>	9	33 %	33 %	33 %	67 %	Á ekki við
<i>Samtals</i>	47	55 %	17 %	27 %	70 %	97 %

Einstaka efnavörur uppfylltu ekki skilyrði reglugerða vegna annarra atriða en merkinga og var þá um að ræða gerð umbúða eða að vara væri seld í almennri sölu en var eingöngu ætluð til notkunar í atvinnuskyni.

Gerð var krafa um úrbætur hjá 16 fyrirtækjum og frestur til úrbóta þar af hafa 11 orðið við úrbótum að öllu leyti. Fimm málum er ólokið.

## 5. Umræða

### Merkingar

Athugasemdir voru gerðar við merkingar hreinna efna sem voru ekki komnar með nýjar merkingar. Yfirgnæfandi fjöldi þeirra efnablandna sem skoðaðar voru höfðu gamlar merkingar sem eru löglegar til 1. júní 2015. Margir birgjar hafa ekki náð að tileinka sér þessar nýju merkingar og líma gamlar merkingar yfir þær nýju á innfluttum vörum. Erlendir framleiðendur efnablandna eru í síauknum mæli farnir að nota nýju merkingarnar.

### Öryggisblöð

Eitt af áhersluatriðum í markaðseftirliti Umhverfisstofnunar er að efla eftirlit með öryggisblöðum en víða vantar mikið upp á að notendur efnavara í atvinnuskyni geti fengið öryggisblöð afhent eða að þau séu aðgengileg með rafrænum hætti.

Samhliða breytingu á merkingum efnablandna þá munu eiga sér stað breytingar á innihaldi öryggisblaða varðandi þetta sama atriði. Umhverfisstofnun mun ekki aðeins fylgjast með því að öryggisblöð verði til staðar heldur einnig að eldri og úrelt öryggisblöð verði uppfærð. Öryggisblöð fyrir innfluttar vörur þarf að þýða og staðfæra. Mikilvægt er að sá sem tekur slíkt verk að sér hafi næga þekkingu á þeim fjölbreyttu atriðum sem gera skal grein fyrir í öryggisblöðum.

Í mörg ár hefur gengið erfiðlega að ganga eftir því við framleiðendur og innflytjendur efnavara að þeir afhendi öryggisblöð til atvinnunotenda þegar eftir því er leitað eða að þau séu aðgengileg á vefsíðu. Í mörgum tilvikum voru þau öryggisblöð sem til voru orðin úrelt. Sum staðar er lítið um þau spurt og lítil hvati fyrir birgja að ráðast í kostnaðarsama samantekt á öryggisblöðum. Umhverfisstofnun mun nú í auknum mæli fylgjast með því að öryggisblöð verði aðgengileg og uppfærð eftir því sem þurfa þykir.

### Ólöglegar vörur

Mjög lítið var um að ólöglegar vörur væru til sölu í verslunum. Örfá dæmi voru um vörur í ólöglegum umbúðum og einstaka dæmi um vörur sem ekki mátti selja til almennings en voru löglegar að öðru leyti. Engir málningaruppleysar með díklórmetani fundust í verslunum sem voru annars algengir í málningarvöruverslunum áður en þeir voru bannaðir 2011.

### Nokkur atriði varðandi eftirlit með hættulegum efnum í almennri sölu.

Í reglugerðum um markaðssetningu ýmissa hættulegra efna eru sérstök ákvæði um efnavörur sem settar eru á almennan markað. Hins vegar eru síðan efnavörur sem eingöngu má setja á markað til notkunar í atvinnuskyni. Slíkar vörur eru yfirleitt ekki aðgreindar frá öðrum vörum í verslunum hér á landi og þegar svo er getur hver sem er



keypt vörur sem ekki er víst að uppfylli skilyrði um öryggi neytenda. Fagmenn fá ítarlegar upplýsingar um skaðsemi efna í vöru og viðbrögð við óhöppum með öryggisblöðum á meðan að neytandanum standa til boða merkingarnar utan á vörunni og e.t.v. ráðleggingar frá starfsmanni verslunarinnar. Fagmaðurinn veit þannig hvernig hann á að bregðast til að komast ekki í snertingu við efni svo skaði verði af en það veit neytandinn oft á tíðum ekki.

Hættulegustu vörurnar sem seldar eru til almennings eru líklega stíflueyðar og önnur ætandi efni. Ekki eru til skýrar reglur um varðveislu og uppstillingu slíkra vara í verslunum. Þeim tilmælum hefur verið beint til verslunareigenda að þeir stilli slíkum vörum upp þar sem börn ná ekki til en jafnframt þannig að ekki geti orðið slys falli slíkar vörur úr hillunum. Ætandi efnavörur sem eru til sölu á almennum markaði eiga að vera með varnaðarsetninguna „Geymist á læstum stað þar sem börn ná ekki til“ auk þess að hafa öryggislok og ápreifanlega viðvörun. Efnavörur sem hafa hættulega eiginleika sem eru ekki eins augljósir geta verið alveg jafn hættulegar ef ekki er gætt varúðar við meðferð þeirra.